

FÓKUS

Faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu

ÁRSSKÝRSLA 2007

Í stjórn síðasta starfsár hafa setið:

<i>Formaður</i>	Valgerður Gunnarsdóttir
<i>Ritari og varaformaður</i>	Ásta St. Thoroddsen
<i>Meðstjórnendur</i>	Benedikt Benediktsson
	Arnheiður Guðmundsdóttir
	Óskar Einarsson
<i>Varamenn</i>	Elísabet Guðmundsdóttir
	Bjarni Þór Björnsson

Félagsmenn

Við síðustu talningu í nóvember 2007 voru félagsmenn 99 talsins, og kynjaskipting nær hnífjöfn.

Dreifing milli starfsgreina er mjög svipuð og áður.

Stjórn

Á ársfundi 2006 komu tveir nýir menn inn í stjórn félagsins. María Heimisdóttir læknir og sviðsstjóri Hag- og upplýsingasviðs LSH hætti í aðalstjórn en hún hafði átt þar sæti frá stofnun árið 2004 og Björn Jónsson sviðsstjóri Upplýsingatæknisviðs gekk úr varastjórn. Í stað Maríu kom Óskar Einarsson, ráðgefandi sérfræðilæknir á Landspítala og Elísabet Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri á Hag- og upplýsingasviði Landspítala tók sæti Björns Jónssonar. Þau eru boðin hjartanlega velkomin í stjórn og Maríu og Birni þökkuð störf þeirra í þágu Fókus.

Stjórnarfundir

Alls hafa verið haldnir 8 stjórnarfundir á tímabilinu. Þar hafa verið rædd fjöldamörg mál sem áhugavert væri að fjalla um á fundum eða ráðstefnum

ECDL

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafa gert með sér samning um kostun á þýðingu á heilbrigðishluta ECDL eða Electronic Computer Driving Licence) á íslensku. HTR og Upplýsingasamfélagið greiða laun starfsmanns til verksins en Heilsugæslan leggur til starfsaðstöðu og sérfræðiaðstoð.

Gyða Halldórsdóttir hjúkrunarfræðingur með meistaraþróf í upplýsingatækni í heilbrigðisþjónustu hefur verið ráðin til verksins.

Fundir og ráðstefnur

- Fyrsti fundur ársins var haldinn fimmtudaginn 29.mars kl. 16.00 - 17.15. Það var málþing sem bar yfirskriftina „Má ég lesa sjúkraskrána mína á netinu?“ Þar voru málefni persónuverndar og aðgengis almennings að heilsufarsupplýsingum til umfjöllunar og var fjallað um þau frá nokkrum sjónarhornum m.a. löggjafans (Persónuverndar), starfsmanna heilbrigðisstofnana og tæknilegum.

Fyrirlesarar voru Björn Jónsson sviðstjóri upplýsingatæknisviðs Landspítala-háskólasjúkrahúss, Torfi Magnússon læknir, skrifstofu forstjóra Landspítala-háskólasjúkrahúss, Særún María Gunnarsdóttir lögfræðingur hjá Persónuvernd og Guðríður Þorsteinsdóttir lögfræðingur hjá Heilbrigðisráðuneytinu
Alls mættur um 55-60 manns á málþingið.

- Næsta málþing var haldið í matsal Skýrr, Ármúla 2, fimmtudaginn 10. maí kl. 16.00-17.15 og bar heitið “Staðlar í samþættingu og samskiptum í rafrænni sjúkraskrá”. Þar var rætt verður um notkun staðla út frá ýmsum sjónarhornum m.a. hvernig þeim er beitt í samþættingu sjúkraskrárkerfa hjá Landspítala, hlutverk Landlæknisembættisins í yfirumsjón með notkun staðla og sagt var frá nýlegum ISO staðli um notkun orðasafns (terminologiu) fyrir hjúkrunarskráningu.

Fyrirlesarar voru Ingi Steinar Ingason, verkefnastjóri í hugbúnaðardeild á upplýsingatæknisviði LSH, Sigríður Haraldsdóttir, sviðsstjóri á heilbrigðistölfræðisviði Landlæknisembættisins og Ásta St. Thoroddsen, dósent og formaður námsnefndar MHI náms við Háskóla Íslands. Mættir voru um 30 manns.

- Hádegisfundur var haldinn um orðasöfn og samvirkni tölvukerfa fyrir heilbrigðisgögn Eirbergi fimmtudaginn 11. október.

Fyrirlesari var Theo Bosma aðstoðarforstjóri Health Language fyrirtækisins í Bandaríkjunum sem sérhæfir sig í innleiðingu og tengingu orðasafna og kóðunarkerfa í klínísk skráningarkerfi til að auka samvirkni þeirra - sjá nánar á www.healthlanguage.com. Hann fjallaði um um samþættingu og samvirkni orðasafna og klínískra skráningarkerfa og SNOMED kerfið. Mættir voru um 25 manns.

- Ráðstefnan “Upplýsingatækni og öryggi sjúklinga” er á dagskrá þann 29. nóv. 2007 kl. 13. – 16 á Hótel Loftleiðum. Umfjöllunarefnið er mikilvægi upplýsingatækninnar fyrir öryggi sjúklinga út frá ýmsum sjónarhornum. Fyrirlesarar eru: Berglind Ásgeirsdóttir, ráðuneytisstóri í Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Laura Scheving Thorsteinsson verkefnisstjóri á

Gæða- og lýðheilsusviði hjá Landlæknisembættinu, Sigurður Másson, hópstjóri öryggis- og gagnalausna, Þjónustulausnum Skýrr. Arnheiður Guðmundsdóttir, yfirmaður hugbúnaðarþróunar, Hugbúnaðarlausnum Skýrr, Bjarni Þór Björnsson, tæknilegur framkvæmdastjóri Stika ehf., Benedikt Benediktsson tölvunarfræðingur hjá Lyfjastofnun, Leifur Bárðarson læknir, deild gæðamála LSH og Arnór Víkingsson læknir á LSH.

Erlend samskipti

- Formaður Fókus þáði boð frá írsku verslunarráðinu (Enterprise Ireland) um að halda erindi á ráðstefnu sem bar heitið “IT for Health – The Nordic Market, Current Status and Strategies” í Dublin þann 1. mars 2007. Á fundinum voru fulltrúar frá upplýsingatæknifélögum nær allra Norðurlandanna sem kynntu þróun og stöðu mála upplýsingatækninnar í hverju landi fyrir fulltrúum fyrirtækja í upplýsingatækniiðnaðinum á Írlandi.
- Vorráðstefna EFMI (Special Topic Conference) var haldin á Brijuni eyjum í Króatíu frá 30. maí til 1. júní 2007 og sat formaðurinn ráðstefnuna og fund fulltrúaráðs EFMI sem var haldinn jafnhliða. Sjá einnig heimasíðuna: www.EFMI.org

Á fundinum kynnti Valgerður formlega umsókn Íslands um að halda vorráðstefnu á vegum EFMI á Íslandi vorið 2010. Engin önnur umsókn hefur komið fram um ráðstefnuna. Umsókn Íslendinga var endanlega afgreidd á fundi fulltrúaráðsins sem haldinn var í Brisbane í Ástralíu í október í tengslum við Medinfo og var hún samþykkt þar. Vorráðstefna EFMI (Special Topic Conference) árið 2010 verður því haldin í Reykjavík 2.- 4. júní árið 2010.

Lokaorð

Að lokum þakka ég félagsmönnum og öðrum sem sótt hafa fundi okkar fyrir þátttökuna og stuðninginn, fyrirlesurum sem hafa frætt okkur á fundum og stjórn og starfsfólki Skýs fyrir góða samvinnu.

Reykjavík, 8. nóvember 2007

Valgerður Gunnarsdóttir
formaður Fókus